

Lög um vernd uppljóstrara.
Rafræn gátt RVK fyrir viðtöku
uppljóstrana og nafnlausra
tilkynninga um lögbrot og aðra
ámælisverða háttsemi

Kynning 6. maí 2021

Mannréttinda-, lýðræðis- og nýsköpunarráð

Sigrún Jóhannesdóttir, lögfr.

Lög um vernd uppljóstrara Gildistaka 1. janúar 2021

- Markmið laga þessara er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni.

Lög um vernd uppljóstrara Gildistaka 1. janúar 2021

Lög þessi gilda um starfsmenn sem greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda þeirra, hvort sem þeir starfa hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði.

Starfsmaður í skilningi laga þessara er sá sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi vinnuveitanda *vegna hlutverks síns*, þ.m.t. ráðinn, settur, skipaður, sjálfstætt starfandi verktaki, stjórnarmaður, starfsnemi, tímabundinn starfsmaður og sjálfboðaliði. Starfsmaður nýtur verndar samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir að hlutverki hans lýkur.

Inntak verndar

- Miðlun upplýsinga eða gagna í góðri trú telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu
- Miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á uppljóstrara
- Miðlun getur ekki leitt til stjórnsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti
- o.fl.

Ytri uppljóstrun

- Í undantekningartilvikum heimilt að miðla upplýsingum til utanaðkomandi aðila, þ. á m. fjölmiðla, enda:
 - hafi innri uppljóstrun verið reynd án fullnægjandi viðbragða og um er að ræða háttsemi sem varðar fangelsisrefsingu
 - sé innri uppljóstrun ekki möguleg og miðlunin í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra verða að víkja

Innri uppljóstrun

- „Þrátt fyrir fyrirmæli laga, siðareglna eða samninga um þagnar- eða trúnaðarskyldu er starfsmanni [...] **heimilt** að miðla [...] upplýsingum og gögnum [...] til aðila sem stuðlað getur að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi.“
- Opinberum starfsmönnum ber **skylda** til slíkrar miðlunar (2. mgr. 2. gr.)

Rök:

- úr frv: „Í ljósi mikilvægis þess að komið verði í veg fyrir lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi hins opinbera er lagt til [...] að starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að miðla upplýsingum og gögnum ...“
- Auk opinberra starfsmanna nær skyldan til starfsmanna lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera.

- Ekki er gert ráð fyrir því að brot á þessari skyldu, né heldur skyldunni í 3. mgr. greinarinnar, varði refsíbyrgð.
- Slík brot geta hins vegar leitt til annars konar ábyrgðar á grundvelli almennra reglna, sbr. einkum reglur starfsmannaréttar
- Skylda starfsmanns nær til þess að miðla upplýsingum eða gögnum um háttsemi, sem nær vissum **alvarleikaþröskuldi**.

úr frv:

- Með ámælisverðri háttsemi er vísað til hátternis sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.
- Slík háttsemi myndi í flestum tilfellum teljast brot á skráðri hátternisreglu en ekki er hægt að útiloka að almannahagsmunum stafi hættu af háttsemi sem er ekki beinlínis bönnuð að lögum.
- Ekki er unnt að skilgreina til fulls með almennum hætti hvaða háttsemi fellur hér undir en skilyrðið felur í sér kröfu um tiltekið alvarleikastig sem áskilið er til að starfsmaður njóti verndar.

Innri uppljóstrun frh.

- Farvegir:
 - Opinberir eftirlitsaðilar eða lögregluyfirvöld
 - Umboðsmaður Alþingis, ríkisendurskoðandi, Vinnueftirlit ríkisins
 - **Næsti yfirmaður / aðrir yfirmenn**

Samkvæmt erindisbréfi Innri endurskoðunar, dags.
11. júní 2020

- Verkefni hennar er m.a. að taka á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

I. Samingur við vinnsluaðila

- Þann 2. mars sl. samdi RVKð um afnot af upplýsingakerfi og skýjaþjónustu danska fyrirtækisins GotEthics AS.
- Vinnsla persónuupplýsinga í skýi („Software as a Service“) sem hefur verið áhættumetin.
- Á vefsíðu IEi verður sérstök vefgátt til að veita viðtöku uppljóstrunum og nafnlausum tilkynningum um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi.

- Samkvæmt samningnum ber Got Ethics AS að grípa til allra tæknilegra og skipulegra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar eyðileggist, tynist eða komist í hendur óviðkomandi aðila.
- Einnig verða gerðar innri öryggisráðstafanir til að hindra að aðeins þeir starfsmenn fái aðgang að persónuupplýsingunum sem þess þurfa nauðsynlega starfs síns vegna.
- Allar persónuupplýsingar sem eru sendar yfir net eru dulkóðaðar í flutningi.

II Verklagsreglur (MOS)

Um er að ræða reglur skv 5. gr. laganna

- Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri setja reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna
- Fjármála- og efnahagsráðherra setur reglur fyrir opinberar stofnanir og ohf.
- **Sveitarstjórnir setja reglur um sína vinnustaði**

III. Drög að nýju erindisbréfi/samþykkt

Í nýjum drögum eru ákvæði um grundvöll fyrir málsmeðferð uppljóstrana og tilkynninga. Þar eru m.a. ákææði um:

a) fræðslu og leiðsögn til uppljóstrara

- um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarlögum.
- um að persónuupplýsingar verði veittar þeim starfsmönnum sem þess þurfa *nauðsynlega* starfa sinna vegna (geta verið stjórnendur innan RVK).

b) um vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga, s.s. :

- um áreiðanleikaprófun, m.a. á því hvort uppljóstrari sé sá sem hann segist vera (ath að áreiðanleiki upplýsinga er meðal þess sem máli skiptir við mat á því hvort starfsmaður geti talist hafa verið í góðri trú, t.d. ef upplýsingarnar voru bersýnilega rangar).
- um viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir, svo sem um búnað sem tryggir öryggi rafrænna gagna (dulkóðunarforrit fyrir tölvupóst o.þ.h.) og um aðgangsstýringar og rakningu uppflettinga/aðgerða (loggun)

c) um málsmeðferð

- Þegar uppljóstrun berst skal strax skoða hvort mál er tækt til efnislegrar meðferðar. Það er skilyrði að mál varði lögbrot eða ámælisverða háttsemi sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum (ekki atriði á borð við óánægju með laun, vandamál í samskiptum við starfsfélaga o.þ.h.)

- Ef *ekki* tækt til meðferðar þá skal frávísa og senda svar þess efnis til uppljóstrara.
- Ef tækt þá skal gera *forathugun* og m.a. athuga hvort mögulegt sé að upplýsa mál nægilega vel.

- Verði niðurstaða forathugunar sú að mál sé bæði tækt til meðferðar, og unnt virðist að upplýsa það nægilega vel, þá skal hefja rannsókn.
- Verði niðurstaða forathugunar sú að mál sé í raun *ekki* tækt til meðferðar og/eða að ekki sé unnt að upplýsa það nægilega vel, þá skal annað hvort fella það niður, eða fresta meðferð, og senda svar þess efnis til uppljóstrarans (ef það er unnt).

- Ef önnur starfseining RVK er bær til að fjalla um mál þá skal það framsent þangað svo fljótt sem verða má og greina uppljóstrara frá því. Fylgja málum eftir ef nauðsyn krefur.
- Þegar máli lýkur skal gefa út skýrslu og kynna hana formlega.
- Greina skal uppljóstrara frá lyktum máls (ath að ytri uppljóstrun verður honum heimil ef innri uppljóstrun hefur fyrst verið reynd án árangurs).

Áhrif lögfestingar

- Lög um vernd uppljóstrara leysa ekki öll vandamál
- Þær hættur sem lögunum er ætlað að bregðast við verða enn til staðar
 - Fólk mun ekki þora að miðla upplýsingum þegar raunveruleg þörf er á
 - Fólk mun miðla upplýsingum sem valda tjóni
- Markmiðið er að fækka í báðum hópunum og þoka réttarástandinu í rétta átt. Til þess þurfa allir að leggjast á árarnar

takk fyrir